

Fundur 28.1.2019 Sofie Miller var uppi á 17.öld í Bretlandi.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið og velkominn hver sem þú ert. Sæll.*

Finnst mér það ótrúlegt að tala við gömlu jörðina (já) erum við hér saman komin í stórum og miklum sal og lét ég mig aðeins dreyma um að tala yfir geimdjúpið, þegar ég fyrst fyrir margt löngu fór að taka þátt í þessum fundum og hlusta á öll þau erindi sem fram komu og var ég þá í öðrum líkama að vísu.

En hér í þessu lífi hefur allt haldið áfram með enn betri hætti en áður og hef ég nú loksins byrjað að taka þátt í því að hafa samband við gömlu jörðina og finnst mér það stórkostlegt.

Það fyrsta sem efablandin manneskja hugsar sem upp lifar fljúgandi menn eða svífandi, er að hvort það sé siðferðislega rétt að taka þátt í því sem virðist tengt galdri samkvæmt manns fornu trú, en svo þegar maður ferðast um hnöttinn og sér að slík undarleg fyrirbæri eiga sér ekki aðeins stað á slíkum, í kringum slíka fundi í fjalllendi hnattanna, heldur einnig þar sem samstilling verður mikil í gleði og starfi, þá fer maður að komast á þá skoðun að margt af því sem fyrir augun ber sé miklu frekar eðlilegur hluti lífsins heldur en duttlungar galdramanna eins og mér var kennt á fyrstu jörð minni og þeirri sem kom á eftir.

Og á ég mér langa sögu að baki sem spíritisti og vildi ekki losa mig við þá skoðun og trú, nema hér á þessum hnetti þá er ég farin að virða líkama minn og efnið til móts við andann og hef samþykkt þær kenningar vísindamanna að hvort tveggja verði að vera í jafnvægi til að vel gangi og hef ég loksins á þessum hnetti leyft mér að láta undan lífsins fýsnum og eignast fleiri afkvæmi en ég gerði í mínum fyrri lífum.

*Já til lukku með það.*

Já, var ég mjög trúuð á þeim tíma og refsaði mér fyrir syndsamlegar hugsanir. Hefur líf mitt stöðugt farið batnandi í þeim fjórum sinnum sem ég hef fram komið á nýrri jörð og var þó undrun mín aldrei eins mikil og fyrst þegar ég kom fram eftir dauðann. Þar sem ég trúði því ekki að þetta væri ekki anda líf.

Var ég á jörðinni í ströngu samfélagi og sinnti ég heimili mínu af kostgæfni, en kom ég svo fram á öðrum hnetti þar sem ég var ekki andi heldur í líkamlegu lífi og var þar harkan mikil og staða mín versnaði fyrst í stað, þar sem gerð var að ambátt, þar urðu mikil umskipti þar sem menn voru að taka fyrsta skrefið í því að fljúga á milli heimsálfa.

Og gat ég flúið úr því landi til annars lands á þeim hnetti, þar sem aðrar siðvenjur voru og frjálsgri og kvennréttindi og fróðleikur um það að það væri ekki Guð almannatugur sem endur skapaði okkur fyrir sakir guðhræðslu okkar, heldur væri það náttúrulegt mál sem væri sameiginlegt öllum lífverum og ég þyrfti ekki að hlýða landstjórum eða prestum eða yfirvöldum til að komast áfram í lífinu og hljóta náð, heldur yrði ég að nota mína hæfileika til að beita skynseminni í hverjum aðstæðum fyrir sig.

Var ég þá orðin öldruð og lést þar skömmu síðar, og þar sem ég fæddist í nýju lífi, þá mundi ég hvað fyrir mig hafði borið, og ég þorði að leita fylgis við þá sem bjuggu þar á hnettinum þar sem þessi sambönd voru iðkuð, og gat þó ekki fyrr en í þessu lífi sem ég lifi nú svifið að staðaldri nema stutta stund í einu.

Ég er bresk kona, Manchester, uppi á 17.öld Sofie Miller.

*Sofie Miller takk, vertu velkomin.*

Það gleður mig að kynnast ykkur Íslendingar og það vona ég að boðskapur ykkar fundar og boðskapur ykkar félags nái fram að ganga á gömlu jörðinni og að ekki þurfi það að taka eins langan tíma og í mínu tilfelli að búa fólk undir framlíf.

Það veit ég að margir, firna margir ættingjar mínir og aðrir myndu gjarnan vilja hefja sambandsfundi að ykkar fyrirmynd og fá þá betri upplýsingar og skýrari heldur en áður, þar sem gengið er út frá því að við séum andar.

*Já já það eru nú erfiðleikarnir með þetta.*

Já við erum ekki andar og gott að þið skiljið það, já ég vildi gjarnan segja ykkur meira frá fyrsta framlífi mínu, um undarlegar stefnur þeirra kirkna sem þar voru, en það er víst ekki að sinni.

En þakka ég gott hljóð og vonandi að ég geti komið síðar og verið þið sælir.

*Vertu hjartanlega velkomin aftur, vertu sæl Sofie og þakka þér fyrir.*

Verið þið sælir.